

## Samráðsfundur um Þjórsárdal haldinn í Árnosi þriðjudaginn 3. desember 2019.

Mætt voru:

Minjastofnun, Uggi Ævarsson

Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson,

Skógræktin: Trausti Jóhannsson, Jóhannes Sigurðsson

Efla: Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Einar Bjarnason

Uppsveitir, Ásborg Arnþórsdóttir

Þjóðlundur/Forsætisráðuneyti, þeirra fulltrúi fékk að vita af fundinum og fylgist með.

1. Fundarmenn voru boðnir velkomnir og rifjað upp hvers vegna boðið var til þessa fundar. Mörg verkefni eru í gangi í Þjórsárdal unnin af mismunandi aðilum, flest þeirra á ábyrgð stofnana ríkisins, en önnur á vegum sveitarfélagsins. Stærst þeirra eru tvær friðlýsingar sem eru í ferli. Mikilvægt er að hafa samráð/samvinnu og að allir hlutaðeigandi aðilar séu vel upplýstir um það sem er í gangi á hverjum tíma. Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu var milligöngumaður um að boða til þessa fyrsta fundar með leyfi allra aðila. Á dagskrá voru kynningar á verkefnum í Þjórsárdal og umræður.
2. Kynning Minjastofnunar. Uggi Ævarsson kynnti vinnu við friðlýsingu Minjastofnunar í Þjórsárdal. Þetta er í fyrsta sinn sem Minjastofnun vinnur að friðlýsingu af þessari gerð þ.e. ekki bara fyrir einstaka minjastaði heldur fyrir svæðið í heild.
3. Kynning Umhverfisstofnunar. Hákon Ásgeirsson kynnti vinnu við friðlýsingu Umhverfisstofnunar í Þjórsárdal. Einnig var farið yfir verkefni ársins í dalnum og verkefni framundan 2020.
4. Kynning Skógræktar. Trausti Jóhannsson kynnti verkefni Skógræktarinnar í Þjórsárdal sem á sér þar langa sögu og mörg verkefni að baki.
5. Kynning Eflu. Ingibjörg Sveinsdóttir og Gísli Gíslason kynntu verkefnið útivistarskipulag í Þjórsárdal sem þau vinna að fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Verkefnið byggir á Rammaskipulagi frá 2013, þar sem útivistarmöguleikar í Þjórsárdal voru skilgreindir. Til varð gagnabanki um gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir og forsendur til að ráðast í vinnu við frekari útfærslu leiðanna, s.s. að skilgreina þær frekar, aðlaga að landi, ákvarða staðsetningu fyrir göngubrýr, merkingar o.fl. sem nú er unnið að í áföngum skv. framkvæmdaáætlun til 2023. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við fulltrúa Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar, Skógræktar, Forsætisráðuneytis v/þjóðlenda og fleiri.
6. Almennar umræður um Þjórsárdal og verkefni þar. Það var mál manna að spennandi tímar væru framundan í Þjórsárdal, umfangsmikil verkefni og áskoranir sem gaman verður að glíma við saman. Samstarfsvilji er ríkjandi hjá öllum hlutaðeigandi aðilum og litu fundarmenn jákvæðum augum til framtíðar. Framundan eru verkefni, verkferlar og samstarf ólíkra aðila sem á sér ekki hliðstæðu til þessa og áhugavert að taka þátt í þeirri vinnu. Ljóst var á kynningunum að verkefni eiga margt sameiginlegt og mikil samlegð er þeirra á milli. Fram kom að landfræðileg mörk friðlýsinganna tveggja eru ekki þau

sömu, sumt skarast annað ekki og verða þær samlesnar í ferlinu. Þegar friðlýsingarferli er lokið hefst vinna við stjórnunar- og verndaráætlanir. Rætt var um mörk Þjórsárdals og aðkomu, meðal annars um mikilvægi þess að þar rísi gestastofa í framtíðinni sem gæti verið samstarfsverkefni hlutaðeigandi aðila.

Framhald þessa fundar er nú í höndum stofnananna tveggja sem vinna að friðlýsingum, ljóst er að efnt verður til reglulegs formlegs samstarfsvettvangs þeirra á milli. Nefnd var til sögunnar hugmynd sem fram hefur komið og er á þá leið að samráðshópur fundi tvisvar á ári og verði annar fundanna undir stjórn Umhverfisstofnunar og hinn undir stjórn Minjastofnunar. Þetta fannst fundarmönnum jákvæð hugmynd, þannig mætti gæta jafnræðis.

Fundi slitið 15.30

ÁÁ